Alþingi
Erindi nr. Þ 116 / 797
komudagur 14/1 1993

IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Dagsetning Tilvísun

Efnahags- og viðskiptanefnd 11. janúar 1993 34.110
Alþingi
150 Reykjavík

Íslenska járnblendifélagið h.f. á Grundartanga hefur að undanförnu átt við mikla rekstrarörðugleika að etja sökum verðfalls á kísiljárni og söluörðugleika. Verið er að vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækisins sem m.a. myndi felast í því að eigendur leggi fram nýtt hlutafé til þess og að þeir veiti fyrirtækinu jafnframt víkjandi lán eftir því sem um semst.

Ríkissjóður á 55% hlutafjár í verksmiðjunni og er gert ráð fyrir að hann taki þátt í hlutafjáraukningu og/eða veiti lán og ábyrgðir í sama hlutfalli af heildarfjárstuðningi eigenda við fyrirtækið.

Ekki sér enn fyrir endann á samningaviðræðum um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins sem tengjast einnig nýjum samningum um raforkuverð og verð á fleiri aðföngum til verksmiðjunnar og tengjast munu hugsanlegu samkomulagi um breytingar á markaðshlutdeild félagsins í sölukerfi meðeigenda ríkissjóðs, norska fyrirtækisins ELKEM og japanska fyrirtækisins Sumitomo.

Hins vegar þykir nú nauðsynlegt að fjármálaráðherra sé veitt heimild á lánsfjárlögum til þess að veita félaginu bráðabirgðalán að fjárhæð allt að 150 milljónum króna í því skyni að rekstur þess stöðvist ekki áður en samið hefur verið um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins. Þá er einnig farið fram á að fjármálaráðherra verði heimilað að leggja fram fé til hlutafjáraukningar og í formi víkjandi láns til félagsins ef samningar milli eigenda um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins næst og að fjármálaráðherra fái jafnframt heimild til nauðsynlegrar lántöku ríkissjóðs í því sambandi.

Er þess óskað að slíkri heimildargrein verði bætt við í fyrirliggjandi frumvarpi til lánsfjárlaga.

Eiður Guðnason
Ragnhildur Guðmundsdóttir / Jón Sigurðsson

Pósthólf Arnarhvoli 150 Reykjavík | Aðsetur Arnarhvoll, við Lindargötu | Sími 91-60900 | Bréfsími 91-621289